


# HRINGUR 1





Gert er ráð fyrir að þú skráir vinnu þína í vinnuhefti.  
Vandaðu alla framsetningu og sýndu hvaða leiðir þú notar við útreikninga.

Þessi bók er eign skólangs þíns og þú hefur hana að láni. Bækur eru dýrar og því mikilvægt að farið sé vel með þær. Gættu þess vel að skrifa ekki í þessa bók.

Skóli	Bók nr.	
	Tekin í notkun	Skil: dags.
Nemandi/bekkur	Útlán: dags.	Ástand

- 1) Nafn nemanda skal greinilega skrifað í línumnar hér að ofan.
- 2) Ástandi bókar við útlán og skil skal lýst þannig:  
N: ný bók, G: gott, S: sæmilegt, L: lélegt.

# Hugarreikningur

- 1 Búðu til plúsheiti fyrir mismunandi tölur þar sem önnur talan er ávallt 50.

Summan er:


- a) 76      b) 59      c) 99      d) 103      e) 149

$$50 + \underline{\quad} = 174$$

$$50 + \underline{\quad} = 76$$

- 2 Hvaða tölum vantar upp á til að fá 100?


- a) 23      b) 37      c) 64      d) 91



- 3 Hvaða tölum vantar upp á til að fá 1000?

- a) 370      b) 555      c) 728      d) 934

- 4 Paraðu saman þær tölur sem mynda góðar tölur.




- 5 Orri er 10 ára. Logi er 17 árum eldri. Svandís er þremur árum eldri en Orri og Logi til samans. Amma er jafngömul öllum þremur til samans. Hvað eru Logi, Svandís og amma gömul?

- 6 Reiknaðu í huganum.

- a)  $24 + 13$       b)  $67 - 34$       c)  $55 + 39$       d)  $58 - 35$   
e)  $11 + 84$       f)  $93 - 42$       g)  $72 + 14$       h)  $75 - 54$

# Að leggja saman og draga frá

- 1 Bættu merkjunum + og/eða – við.
- Svarið er 44. Notaðu tölurnar 35, 18, 9.
  - Svarið er 111. Notaðu tölurnar 47, 92, 28.
  - Svarið er 155. Notaðu tölurnar 260, 15, 90.



- 2 Logi kaupir 7 lítra af ávaxtasafa.
- Hver eru hagstæðustu kaupin?
  - Hve miklu munar á verði 6 lítra ef keypt er í 2 l flöskum eða 3 l flöskum?
- 3 Svandís tekur 1500 krónur út af bankabók og setur í veskið sitt. Þá á hún 3092 krónur í veskinu. Hvað voru miklir peningar í veskinu áður en hún fór í bankann?
- 4 Árið 1944 var afi 14 ára og amma 6 ára.  
Hvað eru þau gömul í dag?
- 5 Reiknaðu í huganum.
- $18 + 12$
  - $120 + 180$
  - $24 - 11$
  - $240 - 110$
  - $59 - 23$
  - $590 + 230$

- 6 Hildur Ýr er að leggja ferhyrnða stétt í kringum tjörn í skemmtigarði í miðborginni. Hún er búin að leggja tvær hliðar sem eru 70 m og 36 m langar. Önnur hliðin sem hún á eftir að leggja er 6 m styttri en styttri hliðin sem hún hefur þegar lagt. Hin hliðin er 21 m lengri en stýsta hlið stéttarinnar.



- a) Hvað er Hildur Ýr búin að leggja marga metra af gangstéttinni?
- b) Hvað á hún eftir að leggja marga metra?
- c) Hvað er leiðin löng kringum tjörnina?

- 7 Hildur Ýr mælir gulan, rauðan og grænan borða. Guli borðinn er 38 cm lengri en rauði borðinn en 25 cm styttri en græni borðinn sem er 163 cm.

- a) Hvað er guli borðinn langur?
- b) Hvað eru borðarnir langir samanlagt?

- 8 Reiknaðu og sýndu mismunandi leiðir.

- |               |               |                |
|---------------|---------------|----------------|
| a) $54 + 178$ | c) $193 + 39$ | e) $685 - 436$ |
| b) $88 + 356$ | d) $451 - 99$ | f) $542 - 185$ |

- 9 Sara beygir 98 cm vír í þríhyrning. Ein hliðin er 24 cm en hinar tvær eru jafnlangar. Hvað eru þær langar?

- 10 Aron á 98 fótboltamyndir, Gunnar á 152 myndum fleiri og saman eiga þeir jafnmargar myndir og Friðrik.


- a) Hvað á Friðrik margar myndir?
- b) Hvað eiga þeir samtals margar myndir?

- 11 Reiknaðu á talnalínu.


- |              |               |               |
|--------------|---------------|---------------|
| a) $32 - 16$ | c) $85 - 19$  | e) $151 + 79$ |
| b) $17 + 41$ | d) $112 - 77$ | f) $193 - 68$ |

# Sitt lítið af hverju

- 1 Skráðu og reiknaðu dæmið í vinnuheftið þitt.



- 2 Skráðu og reiknaðu dæmið í vinnuheftið þitt.



- 3 Reiknaðu dæmin á tvo ólíka vegu.

a)  $267 + 343$       b)  $3542 + 2259$       c)  $3255 - 949$

- 4 Hvaða tölur gætu staðið í eyðunni?

(21, 22, 23, 24, 25)


a)  $176 - \boxed{?} < 153$

(64, 65, 66, 67, 68, 69)

b)  $\boxed{?} - 56 > 11$

- 5 Tíu geisladiskar og geisladiskataska kosta 858 kr. Geisladiskarnir kosta 42 kr. meira en taskan.

- a) Hvað kostar taskan?  
b) Hvað kostar einn geisladiskur?  
Sýndu lausnirnar með mynd, tölum og orðum.



- 6 Búðu til sögu um dæmið  $1621 - 945$ .

$$4867 = 4000 + 800 + 60 + 7$$


- 7** Skráðu sem plúsheiti.
- a) 16 937      b) 52 602      d) 84 032
- 8** Hjalti og vinir hans fara í bíó með strætisvagni kl. 17:30. Þeir eru 20 mín. á leiðinni. Bíómyndin er 110 mín. löng og það er 15 mín. hlé.  
Eftir myndina þurfa þeir að bíða í 5 mín. eftir strætisvagni.
- a) Myndin byrjar kl. 18:00. Hvað þurfa þeir að bíða lengi í kvíkmyndahúsinu áður en myndin byrjar?  
b) Hvað tekur bíóferðin langan tíma?

- 9** Ástrós skráir hjá sér hve mörg mörk hún skorar í æfingaleikjum yfir tvö æfingatímabil. Hér sérðu niðurstöðurnar.

Fyrra æfingatímabil	
Leikir	Fjöldi marka
1	5
2	7
3	3
4	4
5	6


Seinna æfingatímabil	
Leikir	Fjöldi marka
1	7
2	3
3	8
4	6
5	6

- a) Hver er fjöldi marka á fyrra æfingatímabilinu?  
 b) Hvert er meðaltal marka á fyrra æfingatímabilinu?  
 c) En því seinna?  
 d) Hvað skoraði Ástrós mörg mörk alls yfir veturinn?  
 e) Telur þú að henni hafi farið fram?  
 Rökstyddu niðurstöðu þína.




- 10** Gyða vinkona Ástrósar skorar að meðaltali 6 mörk í sömu 10 æfingaleikjum. Hvor skorar fleiri mörk, Gyða eða Ástrós?


# Kostnaður



105 kr.



115 kr.



110 kr.

a) Hvað kostar einn banani, tvær appelsínur og fjögur epli?

b) Hvaða ávextir gætu kostað 215 krónur samtals?

2 Guðný fer í bókabúð. Hún á 13 000 kr. og kaupir 3 bækur á 4100 kr. stykkið. Fyrir afganginn kaupir hún penna sem kosta 100 kr. stykkið.

a) Hvað kosta bækurnar?

b) Hve marga penna getur hún keypt?

3 Guðný á 7019 kr. Hún á 5000 kr. seðil, 500 kr. seðla og krónur.


a) Hvað á hún marga 500 kr. seðla?

b) Hvað á hún margar krónur?

4 Guðný ætlar að kaupa sér snjóbretti, bindingar og skó sem samtals kosta 34 300 kr. Snjóbrettið kostar 19 100 kr. og bindingarnar 2650 kr.

a) Hvað kosta skórnir?

b) Hvað þarf hún að borga ef pabbi hennar borgar fjórðung?



5 Guðný og Stefanía ákveða að kaupa bók fyrir mömmu sína. Bókin kostar 3020 krónur.

Guðný á 1280 krónur. Stefanía greiðir afganginn.

Hvað þarf hún að borga?

$$1280 + s = 3020$$

6 Hvaða sögur gætu legið að baki eftirfarandi jöfnum?

a)  $521 - 373 = r$

c)  $t + 968 = 1290$

b)  $921 + s = 1087$

d)  $u - 166 = 755$



- 7 Lára fær 25 600 kr. fyrir að bera út blöð. Hún kaupir peysu á 5298 kr. og bol á 1600 kr. Fyrir afganginn ætlar hún að kaupa skíði sem kosta 19 200 kr.

- a) Hvað eyðir Lára miklu í peysuna og bolinn?
- b) Á Lára nóg fyrir skíðunum?
- c) Hverju munar?



- 8 Lára fær 2800 kr. fyrir að selja merki. Hún kaupir sér húfu sem kostar 1650 kr. og langar að kaupa hanska sem kosta 615 kr. minna en húfan.

- a) Getur hún keypt hanskana?
- b) Hverju munar?

- 9 Sýndu hvernig þú leysir dæmin.

- a)  $58 - 29$
- c)  $373 - 48$
- e)  $759 + z = 2000$
- b)  $77 - 43$
- d)  $603 - 580$
- f)  $q + 1241 = 1500$

- 10 Lára fær 500 kr. á viku í vasapening. Hún á núna 1500 krónur og langar að kaupa two tölvuleiki. Annar leikurinn kostar 1798 krónur en hinn kostar 1643 krónur.

Hve lengi er hún að safna fyrir leikjunum?


- 11 Pabbi Láru kaupir hamar og sög. Hamarinn kostar 1865 krónur en sögin kostar 495 krónum meira en hamarinn.

- a) Hvað borgar hann fyrir verkfærin?
- b) Hvað fær hann til baka af 5000 krónum?


- 12 Hvað fæ ég til baka af 5000 krónum ef ég kaupi fyrir:

- a) 2300 krónur?
- b) 3570 krónur?
- c) 4827 krónur?

- 13) Gylfi kaupir inn fyrir afmælið sitt. Hann skrifar niður það sem hann vantar.



- a) Hvað fær Gylfi mikið til baka af 3000 kr?
- b) Hvað getur hann keypt marga kexpakka fyrir afganginn?
- c) Hvað getur Gylfi keypt marga lítra af appelsíni fyrir 3000 kr.?
- d) Ef Gylfi kaupir aðeins appelsín og kartöfluflögur hvað getur hann fengið mikið magn af hvorri vöru fyrir 3000 kr.?
- e) Áætlaðu fjölda gesta í afmælinu. Rökstyddu svarið.
- 14) Harpa á 1820 kr. Hún kaupir sokka fyrir 622 krónur og hárspöng fyrir afganginn.
- a) Hvað kostar spöngin?
- b) Hvað á hún mikinn afgang þegar hún er búin að versla?
- 15) Teldu peningana og skráðu upphæðina sem vantar.




- a)  $3570 + x = 10\,000$
- d)  $5000 - 2390$
- b)  $5030 + y = 20\,000$
- c)  $8916 + z = 15\,000$
- e)  $6000 - 3139$
- f)  $8000 - 4680$

- 16) Búðu til sögu um c) lið í dæmi 15.

# Fjarlægðir

- 1 Guðgeir, Atli og Rúna hlaupa samtals 1500 metra. Guðgeir hleypur 620 m en Atli 400 m.
- Hvað hleypur Rúna langt?
  - Hvað hleypur Rúna mörgum metrum lengra en Atli?
  - Hvað hleypur Atli mörgum metrum styrra en Guðgeir?
  - Hvað hlaupa Guðgeir, Atli og Rúna samtals marga km?



- 2 Skoðaðu myndina og leystu dæmin.
- Hver býr næst skólanum?
  - Geir fer ýmist til Torfa eða Óla þegar hann fer í skólann. Hvor leiðin er styttri?
  - Torfi velur stystu leiðina til Óla, hve löng er leiðin?
- 3 Óli, Geir og Torfi ætla í sund. Þeir eru búinir í skólanum og þurfa allir að fara heim og ná í sundfötin. Þeir ákveða að hittast heima hjá Óla og fara saman í sundið. Hvers vegna? Rökstyddu svarið.
- Hvað er Geir búinn að ganga langa leið frá því hann fer úr skólanum og þar til hann kemur heim úr sundinu?
  - Óli fer fimm sinnum í viku í sund og gengur báðar leiðir. Hvað gengur hann marga km á viku?

# Námundun

1 Námundaðu að tug.

- a) 7  
b) 91

- c) 658  
d) 2457

- e) 4006  
f) 7215

- g) 3209  
h) 2984

2 Námundaðu að hundraði.

- a) 89

- b) 462

- c) 1537

- d) 5094

3 Hvaða plúsheiti kemst næst því að hafa summuna 1200?

- a)  $639 + 702$

- b)  $823 + 198$


- c)  $954 + 243$

4 Með því að námunda að næsta tug getur þú fundið svarið. Jóna á 1423 krónur. Hún gefur Páli 579 krónur. Hvað á hún eftir?



5 Með því að námunda að næsta hundraði getur þú fundið svarið. Jóna kaupir peysu á 4392 krónur og pils á 4239 krónur. Hún borgar með tveimur 5000 króna seðlum.

Hvað fær hún til baka?




6 Reiknaðu með góðum töldum.

- a)  $1000 - 356$   
b)  $5000 - 2489$   
e)  $10\ 000 - 7945$   
c)  $10\ 000 - 7461$

- d)  $7000 - 3217$

$$\begin{array}{r} 1000 - 200 \\ \hline 1000 - 274 = 800 - 74 = 726 \end{array}$$



# Talnaleikfimi

$$4 + 1 + 2 - 3 = 4$$

1




- Búðu til tvö mismunandi dæmi með tölunum 1, 2, 3, 4, tveimur samlagningarmerkjum og einu frádráttarmerki.
- Hver er stærsta tala sem þú getur búið til ef þú notar tölurnar 3, 5, 8 og 9, tvö samlagningarmerki og eitt frádráttarmerki? Notaðu hverja tölu aðeins einu sinni.
- Hver er minnsta jákvæða tala sem þú getur búið til ef þú notar tölurnar 2, 4, 7 og 8, eitt samlagningarmerki og tvö frádráttarmerki?

2 Nefndu fjórar tölur sem hafa:

- fjóra í þúsundasæti, fimm í tugasæti og two í hundraðasæti?
- þrjá í einingasæti, sjö í þúsundasæti og sex í tugasæti?
- Hvað getur þú fundið margar mismunandi tölur í b) lið?

3 Teiknaðu hvert form tvisvar í vinnuheftið.

- Talan inni í formunum er summa talnanna í hornunum.  
Skiptu jafnt í hvert horn.
- Skiptu ekki jafnt í hvert horn.



4

$+$   $-$   $\cdot$   $:$

$$55 + 55 - 5 - 5$$

- Hvernig er hægt að fá töluna 100 með því að nota töluna 5 fimm sinnum? Þú mátt velja hvaða merki þú notar.
- Hvernig er hægt að fá töluna 100 með því að nota töluna 9 fjórum sinnum? Þú mátt velja hvaða merki þú notar.




5 Ég hugsa um tölu. Ég dreg 4 frá henni og margfalda útkomuna með 5. Síðan legg ég 5 við og fæ summuna 30. Hver er talan?

6 Hvað er langt síðan?

- a) Seinni heimstyrjöldinni lauk árið 1945.
- b) Talið er að Ingólfur Arnarson hafi siglt til Íslands árið 874
- c) Alþingi Íslendinga var stofnað árið 930.
- d) Fyrsti bíllinn var smíðaður árið 1769.
- e) Fyrsta flugvél var gerð árið 1903.

7 Ég á 4685 krónur. Ég á 1000 króna seðla, 500 króna seðla, 100 króna pening, 50 króna pening, 10 króna peninga og 5 króna pening. Hve marga á ég af hverju? Teiknaðu peningana í vinnuhefti.




8 Ég á 10 peninga. Það eru samtals 5835 krónur. Hvaða peningar gætu það verið?



9 Hvaða tölur eiga að koma í staðin fyrir bókstafina svo yrðingarnar verði réttar?

- a)  $55\ 555 + 44\ 445 = 77\ 777 + a$
- b)  $b + 33\ 333 = 88\ 888 + 21\ 112$
- c)  $1234,5 + 8765,5 = c + 5678,9$
- d)  $99\ 991 + d = 98\ 765 + 51\ 235$

10 Viðar, Már og Matthías eiga samtals 20 veiðiflugur. Viðar á þremur flugum fleiri en Már. Matthías á tveimur fleiri en Viðar. Hvað á hver þeirra margar veiðiflugur?



## Efnisyfirlit

Hugarreikningur.....	1
Að leggja saman og draga frá .....	2
Sitt lítið af hverju.....	4
Kostnaður.....	6
Fjarlægðir.....	9
Námundun .....	10
Talnaleikfimi .....	11

## Hringur 1 – Samlagning og frádráttur

ISBN 9979-0953-5

© 2004 Guðrún Angantýsdóttir og Guðrún Gísladóttir  
© 2004 teikningar: Sigrún Ólafsdóttir

Ritstjóri: Hafdís Finnbogadóttir

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 2004

2. útgáfa 2005

Námsgagnastofnun

Umbrot og útlit: Námsgagnastofnun

Prentvinnsla: Ísafoldarprents miðja ehf.

Þetta æfingahefti  
er einkum ætlað sem  
ítarefni fyrir miðstig  
grunnskóla. Í heftinu er  
megináhersla lögð á þjálfun í  
samlagningu og frádrætti. Gert  
er ráð fyrir að nemendur skrái  
lausnir sínar í vinnuhefti og vandi  
alla framsetningu. Efnið getur  
hentað til einstaklings-, hóp-  
eða paravinnu í skólanum en  
einnig má nýta það sem  
heimavinnuhefti.



NÁMSGAGNASTOFNUN  
06004

ISBN 9979-0-0953-5



9 789979 009535